

Nr. 20.

9.
júlí.

Lög

um

gagnfræðaskólann á Akureyri.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Fræðigreinar þær, sem kenna skal í skólanum, eru þessar: íslenzka, danska, enska, saga og landafræði, einkum saga og landafræði Íslands, auk yfirlits yfir löggjöf þess í landsrjetti og landsstjórn, reikningur, rúmfræði og landmæling, náttúrusaga, og telst þar til meginatriði mannfæðinnar og heilsufæðinnar; enn fremur grundvallaratriði eðlisfræðinnar og efnafræðinnar, dráttlist, söngur, handavinna og leikfimi.

2. gr.

Kennarar skólans eru 4 og er einn þeirra skólameistari. Hefir hann á hendi aðalumsjón með kennurum skólans, nemendum hans, húsum, áhöldum og öllum eignum. Hann hefir að árslaunum 3,000 krónur og auk þess leigulausan bústað, ljós og hita, í skólahúsinu. Fyrsti og annar kennari hafa 2,000 kr. hvor og þriðji kennari 1,600 kr. að árslaunum.

3. gr.

Í skólanum eru alt að 50 heimavistir. Skulu nemendur, er heimavist hafa, greiða 6 kr. en allir aðrir nemendur 1 kr. árlega í skólasjóð í byrjun hvers skólaárs. Skólasjóð skal varið skólanum til stuðnings og eflingar samkvæmt skipulagsskrá, er stjórnarráðið semur eftir tillögum skólastjóra.

Nr. 20. Lög 9. júlí um gagnfræðaskólann á Akureyri.

Lov

Nr. 20.

9.

Juli.

om

Realskolen i Akureyri.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

De Fag, hvori der skal undervises i Skolen ere: Islandsk, Dansk, Engelsk, Historie og Geografi, navnlig Islands Historie og Geografi tillige med en Oversigt over Landets Forfatnings- og Forvaltningsret, Regning, Geometri og Landmaaling, Naturhistorie, derunder indbefattet Grundtrækkene af Antropologi og Hygiejne; endvidere Grundtrækkene af Fysik, Kemi, Tegning, Sang, Sløjd og Gymnastik.

§ 2.

Skolens Lærerpersonele bestaar af 4 Lærere, hvoraf den ene er Skolens Forstander. Han fører Hovedtilsyn med Skolens Lærere, Elever, Bygninger og Inventar samt andre Ejendele. Der tillægges ham en aarlig Lønning af 3,000 Kr. foruden fri Bolig i Skolebygningen, samt Lys og Varme. Første og anden Lærer lønnes med 2,000 Kr. hver, og tredje Lærer med 1,600 Kr. aarlig.

§ 3.

Skolen har indtil 50 Alumnepladser. De Elever, der erholde en Alumneplads, skulle i Begyndelsen af hvert Skoleaar erlægge 6 Kr. i en Skolefond, medens de øvrige Elever erlægge 1 Kr. aarlig. Skolefonden skal anvendes til Støtte og Udvikling for Skolen i Henhold til en af Ministeriet efter Skoleforstanderens Indstilling affattet Fundats.

Nr. 20.

4. gr.

9.
júli.

Landsstjórnin hefir á hendi yfirumsjón skólans og gefur út reglugjörð fyrir hann. Laun og annar kostnaður til skólans greiðist úr landssjóði.

5. gr.

Með lögum þessum eru lög nr. 38, 10. nóv. 1903 um gagnfræðaskóla á Akureyri úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

§ 4.

Overtilsynet med Skolen udøves af Regeringen, der udfærdiger et Reglement for samme. Lønning og andre Udgifter til Skolen udredes af Landskassen.

Nr. 20.
9.
Juli.

§ 5.

Ved denne Lov ophæves Lov Nr. 38 af 10. Novbr. 1903 om en Realskole i Akureyri.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.